

Alþingi
Erindi nr. P 136/343
komudagur 8.12.2008

Nefndasvið Alþingis
Gautur Sturluson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04. desember 2008
Tilvísun: 2008110010/90.12
SE/KHS/BH
4.11.2008.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um almenningssamgöngur, heildarlög.

Með bréfi dags. 04.11. sl. var óskað umsagnar Vegagerðarinnar um frumvarp til laga um almenningssamgöngur, heildarlög.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að markmið þess sé efling almenningssamgangna sem lið í að bæta samgöngur og draga úr neikvæðum áhrifum þeirra.

Vegagerðin tekur undir að æskilegt geti verið að bæta almenningssamgöngur og margt í frumvarpinu sem er til þess fallið að stuðla að því. Vegagerðin vill þó benda á að í frumvarpinu er vísað til annarrar löggjafar um efnið, einkum laga um samgönguáætlun og laga um fólks- og vöruflutninga á landi, og vakna spurningar um hvort ástæða sé til sérstakrar lagasetningar um þetta efni fremur en að ráðast í endurskoðun á fyrirbyggjandi löggjöf.

Vegagerðin gerir einnig athugasemd við þann þátt sem snýr að forræði og ábyrgð á almenningssamgöngum hvað varðar almenningssamgöngur á landi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélög beri ábyrgð á almenningssamgöngum með bifreiðum innan sveitarfélaga en ríkið að öðru leyti. Er þar vísað til fyrirkomulags einkaleyfa á sérleyfisakstri samkvæmt lögum um fólks- og vöruflutninga á landi. Vegagerðin bendir á að almenningssamgöngur innan höfuðborgarsvæðisins eru milli sveitarfélaga. Önnur sveitarfélög hafa óskað eftir að fá einkaleyfi, sbr. væntanleg einkaleyfi til Árborgar, Hveragerðis, Borgarbyggðar, Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum, Eyþings og Héraðsnefndar Eyjafjarðar. Eðlilegra væri að horfa frekar til samstarfs milli sveitarfélaga fremur en að fela ríkinu alfarið forræði almenningssamgangna milli sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,



Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.